



# Efnisyfirlit

Bréf frá ritstjóra	5
Innblástur.is	6
Erasmus+	8
Íslenski sjávarklasinn	10
LÍS	12
Sænska námslánakerfið vs íslenska námslánakerfið	14
Kaos hvað???	18
Reikningshald lærdómsins	20
Viðtal við stjórnarformann LÍN	24
Cobb styrkur til University of Miami	26
Viðtal við Hólmfríði Önnu	34
Ertu á leið í nám erlendis?	38

Samband íslenskra námsmanna erlendis

Pósthússtræti 3-5

101 Reykjavík

Netfang: [sine@sine.is](mailto:sine@sine.is)

Veffang: [www.sine.is](http://www.sine.is)

Skrifstofan er opin  
alla virka daga frá 9-12

Ritstjóri:

Hjördís Jónsdóttir

Umbrot og hönnun:

Fanney Sizemore

# Njóttu þess að vera í námi


**Náman léttir námsmönnum lífið** með hagstæðari kjörum, námslánaþjónustu, fjölbreyttum sparnaðarleiðum, fríðindum, tilboðum og sveigjanlegri þjónustu. Kynntu þér kosti Námunnar á [www.naman.is](http://www.naman.is) og á Facebook.

L.is og snjallgreiðslur

Aukakrónur

2 fyrir 1 í bíó

Enginn auðkennislykill



Darri Rafn Hólmarsson  
Námufélagi



# 1 RISADAGUR – 3 RISALEIKIR

EINN MIÐI – ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

A

ADALÚTRÁTTUR  
**70.000.000**

Í Adalútrætti vinna um **3.000** manns allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**. Að meðaltali eru um **74 milljónir** greiddar út.

10

MILLJÓNAVELTAN  
**10.000.000**

Í Milljónaveltunni drögum við út **10 milljóna** vinning sem hækkar um aðrar **10 milljónir** í næsta mánuði ef hann gengur ekki út.

1

MILLJÓN Á MANN  
**5 x 1.000.000**

Í Milljón á mann, fá **5 heppnir** vinningshafar **eina milljón** króna. Aðeins er dregið úr seldum miðum.

# Stóri dagurinn

Um **3.000** vinningar greiddir út



Nú drögum við í öllum leikjum happdrættisins á einum og sama deginum, í stað tveggja daga í mánuði áður.

Tryggðu þér miða á [www.hhi.is](http://www.hhi.is), í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.



**HAPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Vænlegast til vinnings

## Kæri SÍNE félagi



Við Íslendingar höfum átt því láni að fagna að námsmenn hafa í gegnum tíðina verið öflugir að taka hluta af eða allt nám sitt erlendis. Mjög margir hafa snúið tilbaka og auðgað íslenskt samfélag með reynslu sinni, menntun, tengslaneti og nýjum hugmyndum.

Tölur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sýna að þeim námsmönnum sem stunda nám sitt erlendis og taka námslán hjá LÍN fer fækkandi. Skýringar geta verið margvíslegar, aukið námsframboð á Íslandi, möguleiki á að taka 1-2 annir erlendis í skiptinámi við erlenda háskóla sem hluti af námi sínu á Íslandi gefur fjölbreytt tækifæri. Flestir námsmenn erlendis eru á Norðurlöndunum og hafa sumir unnið sér rétt á því að taka námslán/fá styrk þar í landi. Það er samt áhyggjuefni ef færri velja að fara í nám erlendis og því mikilvægt að skoða ástæðurnar vel.

Nýlega sagði Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra frá dvöl sinni sem námsmaður erlendis. Hann sagði að sú reynsla hefði verið mjög góð og eitt-hvað sem að hann hefði ekki viljað missa af. Hann talaði hlýlega um þessi ár sem

hefðu verið krefjandi en gefandi á sama tíma. Við sama tækifæri sagði hann að menntun og vísindi væru drifkraftar efnahagslegra framfara.

Í Sæmundi höfum við safnað saman frásögnum námsmanna víða um heim, sem sýna hvað íslenskir námsmenn eru að fást við fjölbreytt og skemmtilega verkefni. Stutt viðtöl við nýjan stjórnarformann Lánasjóðs íslenskra námsmanna og formann ný stofnaðra samtaka stúdenta (LÍS) eru meðal efnis í blaðinu. Einnig vekjum við athygli á hugmyndasamkeppni um heiti á nýjum upplýsingavef um nám erlendis sem fer vonandi í loftið á vormánuðum. Sendið endilega inn ykkar tillögur og vegleg verðlaun eru í boði fyrir þá tillögu sem verður valin.

Við hvetjum ykkur til að vera í góðu sambandi við skrifstofu SÍNE og erum þegar farin að safna efni fyrir næsta tölublað, þið getið sent okkur hugmyndir og efni á netfangið: [sine@sine.is](mailto:sine@sine.is).

Hljýjar kveðjur,

**Hjördís Jónsdóttir**

# Innblástur.is

Í ágúst fór af stað ný vefsíða fyrir ungt fólk að nafni Innblástur.is sem geymir upplýsingar, viðtöl og pistla um allt er viðkemur námi, ferðalögum og atvinnu fyrir unga Íslendinga. Síðunni er ætlað að vera fyrsta stopp þeirra sem annað hvort vita hvað þeir/þær vilja en ekki hvernig best sé að fara að því, eða þeirra sem vantar nýtt verkefni en vita ekki hvað það á að vera ennþá.

Ritstjóri vefsíðunnar er Guðný Guðmundsdóttir en síðan er einnig lokaverkefni hennar í meistaranámi í útgáfu við Anglia Ruskin University í Cambridge, Englandi. Hugmyndin kom til vegna þess að hún hefur sjálf átt í basli með að finna slíkar upplýsingar þegar hana langaði að fara erlendis og/eða gera eitthvað nýtt og spennandi. Guðný fann sig



ítrekað í þeirri stöðu að vanta upplýsingar en vissi ekki hvert hún gæti snúið sér. Það virtist ekki vera til nein góð, íslensk vefsíða sem gat svarað því hvaða möguleikar voru í boði fyrir ungt fólk, eða gefið ráð um hvernig hægt væri að sjá heiminn fyrir lítinn pening en Innblástur.is mun vonandi breyta því. Guðný hefur á síðustu árum lært spænsku í málaskóla í Barcelona, verið au-pair í Finnlandi, ferðast vítt og breitt um Evrópu ásamt því að hafa eytt síðastliðnu ári í Englandi við meistaranám, og byggir ráð sín á sinni reynslu af þeim upplifunum.

Ásamt því að veita grunnupplýsingar um slík málefni er einnig að finna viðtöl við - og pistla eftir - fólk sem hefur reynslu af því að læra, ferðast og vinna

áhugaverð verkefni og er tilbúið að deila þeirri reynslu með ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á atvinnubrautinni eða langar að gerast námsmenn og/eða ferðalangar. Það er nefnilega ekki nóg að eiga sér draum - það þarf líka hugrekki til þess að láta drauma sína rætast.

Tilgangur Innblástur.is er fyrst og fremst að aðstoða ungt fólk við að þora að taka fyrstu skrefin, hver svo sem draumurinn er.

Áhugasamir geta nálgast efni síðunnar á [www.innblastur.is](http://www.innblastur.is), eða á Facebook síðunni [facebook.com/innblastur.is](https://www.facebook.com/innblastur.is). Þá er áhugavert efni eða ábendingar hvers kyns eru einnig velkomnar á [innblastur@innblastur.is](mailto:innblastur@innblastur.is).

# Ný tækifæri til skiptináms í Evrópu **Erasmus+** áætlunin er hafin

**Höfundur:**  
**Andrés Pétursson**  
**sérfræðingur,**  
**Menntaáætlun ESB**

Um áramótin var Erasmus+, nýrri áætlun Evrópusambandsins um menntun, æskulýðsstarf og íþróttir, hleypt af stokkunum. Fyrir háskólanema býður Erasmus+ upp á ný tækifæri til skiptináms og starfsnáms í þeim 34 Evrópulöndum sem taka þátt í áætluninni. Hægt er sækja um styrki til náms í öllum löndum ESB og EFTA sem og í Tyrklandi og Makedóníu.

Í fyrsta sinn verður einnig hægt að sækja um styrk til skiptináms til landa utan þátttökulanda Erasmus+. Þeir styrkir verða hins vegar mjög fáir. Íslenskir námsmenn sem stunda nám í háskóla erlendis, t.d. í Danmörku, þurfa að sækja um styrk til dvalar utan Danmerkur.

Háskólanemar geta í fyrsta lagi sótt um styrki til skiptináms erlendis í allt að

12 mánuði á hverju námsstigi (grunnnámi, framhaldsnámi og doktorsnámi), sem skipta má upp í nokkrar mismunandi langar dvalir. Nemendur sækja um styrk til háskólans sem þeir stunda nám í og er skilyrði fyrir umsókn að þeir hafi lokið einu ári í grunnháskólanámi. Hinn styrkjamöguleikinn felst í starfsnámi erlendis sem hluta af námi í því fagi sem nemandinn leggur stund á. Sömuleiðis gefst nýútskrifuðum tækifæri til að sækja um styrk til að fara í starfsnám í allt að ár eftir að námi lýkur. Sótt er um slíkan styrk hjá háskólanum sem viðkomandi útskrifaðist úr.

Upphæð styrkja fyrir námsdvöl og starfsnám er mismunandi eftir því í hvaða landi námsdvölin er og byggist á því hver kostnaðurinn er að búa í viðkomandi



landi. Hvert og eitt þátttökuland ákvarðar endanlega upphæð styrkja. Styrkir fyrir starfsnám eru alla jafna örlítið hærri en styrkir til námsdvalar.

Fyrirkomulag styrkveitinga verður óbreytt frá því sem er. Hver háskóli sækir um styrki fyrir tiltekinn fjölda nemenda til Landsskrifstofu Erasmus+ í viðkomandi landi. Styrkirnir eru síðan auglýstir og kynntir fyrir nemendum. Algengt er að háskólar setji fram kröfur um tungumálakunnáttu, og jafnvel einkunnir þar sem samkeppni er um styrki. Í tilvikum námsdvala verða háskóli nemanda og viðtökuskóli erlendis að hafa gert með sér samstarfssamning

og þarf heimaskólinn að viðurkenna þann hluta námsins sem tekinn er erlendis og meta það til eininga. Þegar um starfsnám er að ræða gera háskólinn, nemandinn og fyrirtækið, eða stofnunin sem nemandinn mun stunda starfsnámið við, með sér þríhliða samning. Mælt er til þess að háskólinn meti starfsnámið sömuleiðis til eininga.

Háskólanemum er bent á að hafa samband við alþjóðafulltrúa síns háskóla og spyrjast fyrir um styrkarmöguleika. Búast má við því að styrkir til náms eða starfsnáms frá haustinu 2014 verði auglýstir innan hvers skóla með vorinu.

# Íslenski sjávarklasinn

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi á Íslandi sem hefur það að markmiði að auka virði þeirra fyrirtækja sem starfa með klasanum. Sjávarklasinn eins og hann er oft nefndur hefur sinnt ýmsum verkefnum frá stofnun þess í ársbyrjun 2012 og má þar einna helst nefna kortlagning sjávarklasans, efnahagsskýrslur um umsvif og afkomu sjávarklasans á Íslandi, verkefnamidlun.is, Green Marine Technology, alþjóðlegt samstarf með NAOCA, Codland klasinn í Grindavík og fleira.

Vert er að kafa dýpra í eitt af þessum verkefnum þar sem það tengist námsfólki með beinum hætti og það er verkefnamidlun.is. Verkefnið er tilkomið vegna samstarfs með fulltrúum allra helstu háskóla á Íslandi ásamt nokkrum framhaldsskólum sem hafa það allir sameiginlegt að bjóða upp á nám í haftengdum greinum. Samstarfið hefði þó aldrei orðið að veruleika ef ekki hefði verið fyrir frumkvöðlastyrk Íslandsbanka sem hefur fjármagnað samstarfið.

Upphaflega var verkefnið og vefurinn verkefnamidlun.is hugsað sem tenging

ungs fólks við sjávarútveginn til að veita þeim innsýn í þær fjölmörgu atvinnugreinar sem tengjast iðnaðinum á mismunandi hátt og með því opna augun fyrir öllum þeim spennandi náms- og starfsleiðum sem eiga það til að lúta í lægra haldi fyrir vinsælari greinum landsins eins og viðskiptafræði eða lögfræði.

Það hafa flestir, ef ekki allir nemendur verið í þeim sporum að þurfa vinna að raunhæfu verkefni með fyrirtækjum á skólagöngunni, hvort sem er hér á Íslandi eða erlendis. Yfirleitt eru valin vinsælustu fyrirtækin sem flestir þekkja og gleymast oft minni fyrirtæki ásamt atvinnugreinum sem eru ekki í tísku hverju sinni. Sjávarútvegurinn er þar engin undantekning en hann leynir mikið á sér og er verkefnamidlun.is ein leiðin til að vekja athygli á þeim tækifærum sem þar liggja.

Nú þegar hafa verið skráð á sjötta tug verkefna og á fimmta tug nemenda hefur skráð prófílinn sinn í von um verkefni eða sumarstarf. Þess má geta að Íslenski sjávarklasinn, Landssamband Fiskeldis-



söðva og Nýsköpunarmiðstöð Íslands ásamt fleiri fyrirtækjum auglýstu launuð sumarstörf fyrir líðandi sumar og fengu um 20 nemendur vinnu gegnum þessi þrjú fyrirtæki yfir sumarið. Verkefnin sem standa til boða eru þó ekki öll sumarstörf og eru þetta margvísleg verkefni, lítil annarverkefni sem hægt er að leysa í stökum kúrsum, BSC/BA, MSC/MA eða jafnvel doktorsverkefni. Virkni vefsins er í raun tvíþætt þar sem nemendum stendur einnig til boða að skrá sinn eigin prófíl sem tengist LinkedIn og geta þeir óskað eftir ákveðnum verkefnum. Með þessu fyrirkomulagi gefst nemendum tækifæri til að koma sér á framfæri og fyrirtæki hafa möguleika á að velja úr þá sem koma til greina í stað þess að fara gegnum ógrynni af umsóknum eða uppljóstra verkefnum á

opinberum vettvangi. Vefurinn er í stöðugri þróun og býður upp á ýmsa valmöguleika en þar eru einnig að finna hagnýtar upplýsingar um mögulega styrki og fleira. Eins og kom fram var áherslan upphaflega á sjávarútveg en með vaxandi vinsældum og áhuga annarra atvinnugreina á vefnum hefur hann stækkað og eru nú fyrirtækjum og nemendum í öllum atvinnugreinum heimilt að nýta sér vefinn án kostnaðar til að skrá inn verkefni eða störf fyrir nemendur. Nemendur eru hvattir til að fara á [www.verkefnamidlun.is](http://www.verkefnamidlun.is) og skrá sinn prófíl eða athuga hvort leynist áhugavert verkefni. Einnig er hægt að fylgjast með nýjum verkefnum á Facebook síðunni <https://www.facebook.com/verkefnamidlun>.

# Spurningar LÍS

Anna Marsibil Clausen er formaður Landssamtaka íslenskra stúdenta, við fengum hana í stutt spjall til að fræðast um þess nýstofnuðu samtök.

## Getur þú sagt okkur aðeins að aðdraganda þess að LÍS voru stofnuð?

Ég var kosin inn í Stúdentaráð Háskóla Íslands vorið 2012 og tók þar við formensku í alþjóðanefnd. Það þýddi að ég varð fulltrúi SHÍ á hinum ýmsu viðburðum og fundum erlendis þar sem ég var jafnan eini stúdentafulltrúinn sem var ekki frá landssamtökum eða annarskonar regnhlífarsamtökum stúdentafélaga. Þetta þótti mér furðulegt, það var ætlast til þess að ég gæti talað fyrir hönd íslenskra stúdenta en í raun gat ég aðeins tjáð mig fyrir hönd stúdenta við Háskóla Íslands. Ég ákvað í samráði við þáverandi formann SHÍ að þessu yrði að breyta. Sama haust hélt Félag stúdenta við háskólann á Akureyri málþing um gæði náms, þar voru fulltrúar allra íslensku stúdentafélagana utan SÍNE samankomnir og því nýttum við tækifærið til að setja á fót undirbúningshóp fyrir stofnun landssamtaka. Landssamtökin sönnuðu gildi sitt sumarið fyrir stofnun þeirra



þegar stúdentar unnu dómsmál gegn LÍN. Málsvörn ríkisins átti upprunalega að byggjast á því að SHÍ, sem kærði fyrst, talaði ekki fyrir hönd allra íslenskra stúdenta og þá var brugðið á það ráð að fá hin stúdentafélögin til að taka þátt í málsókninni. Ef LÍS hefði verið til á þeim tíma hefði ferlið verið mun auðveldara en þarna sannaðist mikilvægi þess að íslensku stúdentafélögin séu samstíga og eigi í virkum samskiptum. Eftir langan aðdraganda var LÍS loks stofnað í nóvember 2013 en það er alveg ljóst að samtökin eiga enn eftir að vaxa og dafna.

## Hvað er markmiðið með þessum samtökum?

LÍS á að vera málssvari stúdenta á Íslandi sem og íslenskra stúdenta erlendis, bæði á alþjóðavettvangi sem og gagnvart íslenskum yfirvöldum. LÍS er sameiginlegur vettvangur stúdentafélaganna til að standa vörð um hagsmuni stúdenta en markmiðið hlýtur að efla íslenska menntun og bæta kjör námsmanna.

## Hvernig verður starfsemi háltað?

Fyrst um sinn er allri starfsemi sinnt í sjálfbærliðastarfi en það breytist vonandi með tímanum þegar LÍS finnur sér fastari fjárgrunn. Það er ekkert djók að halda uppi hagsmunum samtökum sem þessum og því væri óskandi að geta haft manneskju í fullu starfi. Öll stúdentafélögin eiga tvo fulltrúa í stjórn hverju sinni og þannig er jafnræði milli skóla tryggt enda hefði SHÍ yfirgnæfandi vald innan félagsins ef fulltrúafjöldinn ætti að fara eftir nemendafjölda.

## Segðu okkur frá erlenda samstarfinu?

LÍS er aðili að ESU sem eru samtök evrópskra stúdenta. Í gegnum ESU eigum við samskipti við stúdentafélög um allan heim, lærum af þeim og hjálpum þegar þau þurfa á stuðningi að halda. ESU starfar frá Brussel og veitir yfirvöldum ESB mikið aðhald sem er íslenskum námsmönnum afar mikilvægt þar sem við erum aðilar að Bologna og EHEA þó svo að við séum ekki aðilar að ESB. Fulltrúar LÍS sækja fundi á vegum ESU minnst fjórum sinnum á ári auk þess sem LÍS fundar sérstaklega með norrænu og baltnesku ríkjum tvisvar á ári.

## Hvar sérðu þau eftir 5 ár?

Vonandi verður LÍS búin að festa sig í sessi sem mikilvægur málsvári námsmanna og þátttakandi í allri umræðu um menntamál hér að landi. Eins vonast ég til að samtökin verði komin með einn eða tvo fasta starfsmenn og að samstarfið hafi eftir öll stúdentafélögin til muna.

## Hvað er framundan?

Þó nokkrir fundir erlendis sem og annar landsfundur félagsins nú í vor. Auk þess erum við enn að berjast gegn hækkun framvindukrafa í háskólum landsins og fyrir hækkun frítekjumarks LÍN. Samtökin eru ung og enn í mótun og núna fyrst um sinn er sú mótun ef til vill okkar helsta verkefni.

## Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?

Kannski bara hvað það er gaman og mikilvægt að taka þátt í baráttu fyrir bættum kjörum stúdenta. Margir stúdentafulltrúar fá á sig slæmt orð fyrir að vera framapotarar en allt er þetta fólk sem kys að gefa sinn frítíma í að berjast fyrir betra lífi og aðstöðu fyrir aðra. Hagsmunabarátta er langhlaup og maður nýtur sjaldnast sigrana sjálfur en það er þess sætara þegar það gerist.

# Sænska námslánakerfið VS íslenska námslánakerfið

Höfundur:  
Jóhann Gunnar Þórarinnsson  
stjórnarmaður í SÍNE

Vegna umræðunnar sem skapaðist í kringum tillögu stjórnar LÍN nú í sumar, um að hækka skilyrði um námsárangur þannig að nemendi þurfi að uppfylla ca. 73% námsárangur í stað 60%, ákvað undirritaður að taka til skoðunar sænska námslánakerfið í samanburði við það íslenska og útlísta nokkur veigamikil atriði sem þar ber á milli.

Áður en við dembum okkur í nánari samanburð ber að geta þess að það er sterkur smjörklípufnykur af ákvörðun stjórnar LÍN í ljósi áætlunar síðustu ríkisstjórnar að breyta hluta námslána í styrk. Sú umræða datt algjörlega útaf borðinu við þetta útspil stjórnar LÍN og undirritaður styrktist enn í skoðun sinni þegar stjórn LÍN ákvað að fresta áætlaðri breytingu á kröfu um námsárangur og svo loks standa við hana. Þó

unnist hafi fullnaðarsigur þetta árið í baráttu hagsmunasamtaka námsmanna gegn auknum kröfum um námsárangur er baráttunni langt í frá lokið.

Vorum við ekki annars að ræða um Svíþjóð?

Það sem er merkilegt í upphafi þessa samanburðar er sú staðreynd að Lána-sjóður íslenskra námsmanna er stofnsettur árið 1961 á meðan sá sænski, CSN, er stofnsettur 1964. Auk þess er námslánaferill þessara tveggja landa mjög svipaður með tilliti til upphaf námslána. Það er því langt í frá meiri reynsla komin á sænska námslánakerfið en það íslenska og ekki er hægt að halda því fram að aðrar gildar ástæður séu fyrir hendi til að útskýra þann grundvallarmun sem er á kerfunum.

Fyrst ber að nefna þann eðlismun sem til staðar er en það sænska byggist á námslánnum samsettum af bæði óverðtryggðum lánnum sem og styrkjum. Þetta stingur í stúf við það íslenska sem er alfarið byggt á verðtryggðum lánnum. Þessi munur er gífurlega hagstæður fyrir sænska háskólanema og þá helst fyrir tvennar sakir. Annars vegar er þetta gífurleg hvatning fyrir Svía að stunda háskólanám með þá vitneskju að stór partur námslána þeirra sé einfaldlega styrkur sem þurfi ekki að borga til baka. Í þeim efnum er gott að hafa í huga ódauðlega orðatiltækið „Menntun er máttur“. Hins vegar hlýtur kerfið að vera gífurleg hvatning fyrir stúdenta að velja það háskólanám sem þeir hafa hvað mestan áhuga á í stað þess að þurfa að einblína meira á hvað sé praktískast að læra. Það síðarnefnda er ekki bara ákjósanlegt frá sjónarhorni einstaklingsins heldur einnig út frá samfélagslegu sjónarmiði þar sem það getur aðeins komið vel út fyrir samfélagið að borgarar þess stundi það háskólanám sem þeir kjósi helst.

Í annan stað þá er ótrúlegur munur á tilhögun við útborgun námsláns eftir því hvort um sænska eða íslenska kerfið er að ræða. Líkt og flestir eru vel kunnir þá borgar LÍN alla summuna eftir að skilað



hefur verið inn staðfestingu á því að þú hafir lokið ákveðnum fjölda námseininga. Í senn orsakar það að margir eru þvingaðir til þess að fara í bankann og fá borgað fyrirfram með svokölluðum námsmannafyrirdrætti.

Þegar kemur að sænska kerfinu þá er meginreglan sú að borgað er fyrirfram fyrir hvern mánuð. Þannig má taka sem dæmi að námslán á haustönn fengist borgað við upphaf náms. Þá myndi lánasjóðurinn, svo dæmi séu tekin, borga út í upphafi náms á haustönn fyrir u.þ.b. 5 vikur þar sem skólinn byrjar í lok ágúst og því næst yrði þá borgað 25. september fyrir næstu 4 vikur o.s.frv. Ég held að það sé óhætt að segja að flest allir Íslendingar vildu sjá svipaða útfærslu á útborgun námslána hérlandis. Samt sem áður verður að hafa það í huga að kerfið er ekki þannig að ekki sé krafist neins námsárangurs. Það er langt í frá að svo sé. Það miðar allt við hvernig þú stóðst þig á önnina á undan þegar metið er hvort þú fáir námslán fyrir þá næstu.

Meginreglan er sú að það sé krafa um 75% námsárangur þó sérreglur gildi að töluverðu leyti í þeim efnum. Þannig má sem dæmi nefna fyrstu önn háskólanáms þar sem vægari kröfur eru gerðar til námsárangurs.

Í þriðja stað fannst undirrituðum það áhugavert að skoða áhrif veikinda á heill námsmannsins, ekki útfrá læknisfræðilegum sjónarhóli þó hann sé vissulega áhugaverður, heldur útfrá báðum kerfunum. Með öðrum orðum: Hvað gerist ef námsmaður verður fyrir langvarandi veikindum? Í stuttu máli á námsmaður aðeins rétt á auknu svigrúmi frá LÍN vegna veikinda ef hann hefur áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi eða þá hann skili þeim árangri á næsta misseri eftir veikindi. Þá þarf hann að geta sýnt fram á að honum hafi verið ómögulegt að taka prófið þó hann hafi ekkert getað mætt í tíma. Sama gildir vegna veikinda tiltekinna náinna fjölskyldumeðlima námsmanns ef veikindin raska verulega högum hans. Vegna fyrrgreinds má veita undanþágu og greiða lán fyrir allt að 22 ECTS einingar sem samsvarar 73% námsárangri. Þegar litið er yfir atlantshafið horfir þetta aðeins öðruvísi við. CSN gerir í fyrsta lagi aðeins kröfu um að þú skráir veikindi þín, skilir læknisvottorði og að þú sýnir fram á að þú hafir ekki getað lært en í þeim efnum skipta próf engu sérstöku máli. Þá gildir það að námsmaður verður að hafa verið að mennta sig í fagi sem gefur þér rétt til námsstyrks. Þannig þarf það ekki að hafa verið önnin á undan heldur nægir að



námsmaður veikist eftir nokkra daga á fyrstu önn námsstyrkshæfs náms síns. Ef námsmaður uppfyllir fyrrnefnd skilyrði heldur hann fullum námslánnum í veikindum sínum.

Í fjórða stað, og þá enn eitt atriðið þar sem „sænska leiðin“ virðist hafa vinninginn, er atriði sem mörgum er illskiljanlegt að sé enn svo stíft í íslenska námslánakerfinu. Það eru þau tilvik þegar námsmenn á óskiljanlegan hátt ákveða að afla sér aukinna tekna ofan á gífurlega há námslán sín. Sem betur fer taka úthlutunarreglur LÍN þess konar græðgi föstum tókum. Meginreglan

hefur verið sú að 35% af tekjum hærri en 750.000 krónum á ári koma til frádráttar námslánnum sem eru alfarið verðtryggð lán. Sænska leiðin hefur verið sú að miða við þær vikur og þann einingarfjölda sem þú tekur í námi. Þannig ef einstaklingur ákveður að fá námslán fyrir fullt nám allar 23 vikurnar á vorönn þá má hann hafa tekjur upp á 60.520 SEK án þess að það komi til nokkurar skerðingar á námslánnum hans. Á núvirði er það rúmlega 1.150.000 ÍKR en þá hefur undirritaður ekki einu sinni minnst á kaupmáttinn í Svíþjóð í samanburði við Ísland. Í þessu samhengi má heldur ekki gleyma þeirri staðreynd að meira en helmingur sænskra námslána er nú einu sinni styrkur. Á móti kemur þá getur skerðingin í sænska kerfinu munað allt að 61% af þeim tekjum sem fara upp fyrir fyrrnefnda upphæð.

Tilgangur þessarar greinar var fyrst og fremst sá að vekja athygli á öðrum álitæfnum í tengslum við skilyrði til námslána sem er mikilvægt að berjast fyrir á komandi árum. Loks, í ljósi þess að ekki virðist birta til í íslenska námslánakerfinu á næstu árum, verða lesendur hvattir til þess að skoða þá menntun sem í boði er, ekki bara í Svíþjóð, heldur almennt á Norðurlöndum. Þá er bara að byrja læra sænsku!

# Kaos hvað ???

Það litla sem ég vissi um Kaos-pilot skólann áður en ég gerðist nemandi við hann var að hann gekk mikið út á að „læra með því að gera“ (learning by doing), og eins að hann vann undir þeim formerkjum að vera „besti skólinn fyrir heiminn“, þ.e.a.s vildi stuðla að jákvæðum breytingum í heiminum og bættu siðferði fyrirtækja. Ég er ein af ófáum sem langar að breyta heiminum til hins betra og fannst ég vera að fá litla þjálfun í því í fyrra námi mínu heima á Íslandi, verandi eitt af nafnlausum andlitum í fyrirlestrarsal Háskólabíós, sem páfagaukalærði teoríu fyrir próf.

Í von um að breyta um stefnu skellti ég mér í þriggja daga inntöku-prófið fyrir Kaospilot skólann í Árósum, vorið 2012. Þar fékk ég nasapefinn af því sem biði mín ef ég kæmist inn. Hópa- inna, sköpun og kynningar fyrir framan fjölda fólks þar sem ríður á að selja

**Höfundur:**  
**Anna Katrín Þórarinsdóttir**

hugmyndir sínar – allt gert undir mikilli tímapressu og ögrandi ramma- leysi. Ég varð síðan ein af þeim 36 heppnu einstaklingum sem haustið á eftir mynduðu Team 19 við skólann.

Síðasti vetur var án efa það magnaðasta sem ég hef upplifað. Á námsskránni var leiðtogaþjálfun, verkefnastjórnun og viðskiptafræði. Hver námshluti hefst á fyrirlestrar-tímabili, þar sem færustu fyrirlesurum í faginu hverju sinni er flogið til Árósa. Fyrirlesara hópurinn er mjög alþjóðlegur, og það er nemenda- hópurinn einnig og því allt kennt á ensku við skólann. Kennslustundirnar einkennast af mikilli hreyfingu, sjálf- skoðun, og lausnavinnu. Eftir hvert fyrirlestratímabil tekur við stórt verkefni þar sem unnið er fyrir eitthvert starfandi fyrirtæki eða samtök. Þá eiga nemendur að nota þá tækni og aðferðir sem þeir hafa



tileinkað sér í smærri verkefnum á önninni, og njóta aðeins lítilllegs stuðnings frá skólanum á meðan. Að verkefninu loknu heldur hver nemenda- hópur eða nemandi kynningu á vinnu sinni og þreytir munnlegt próf fyrir framan prófdómara.

Misjafnt er hvort skólinn úthlutar nemendum kúnum fyrir verkefnið eða við finnum þá sjálf. Í vetur vann ég tvö stór verkefni; auglýsingaherferð fyrir alþjóðlega þýðingarskrifstofu og viðskiptaáætlun fyrir opið skrifstofu- pláss í Barcelona. Það má nefna að seinna verkefnið urðum ég og bekkjar-

systur mínar að finna sjálfar og þá getur maður spreytt sig á að semja um ýmis konar fríðindi, og því fengum við ferða- kostnað til Spánar og húsnæði þar greitt þær þrjár vikur sem við unnum með kúnnanum. Þetta er ekkert óalgengt fyrirkomulag, og möguleikinn á ferðalögum einn af mörgum kostum námsins.

Komandi vetur er ekki síður spennandi. Á námsskránni er svo-kölluð „feril ráðgjöf“ (creative process design) þar sem nemendur vinna með fyrirtæki að eigin vali í markmiðasetningu og ráðgjöf. Eftir áramót heldur Team 19 síðan í rúmlega 3 mánaða ferð til Cape Town SA til að upplifa hvernig það er að vinna að verkefnum með heimafólki í framandi menningarheimi. Þetta er hinn svokallaði „outpost“ sem er einn af hápunktum námsins.

Lokaárið er síðan sannkölluð rúsína í pylsuendanum. Þá vinna nemendur stórt verkefni að eigin vali allan veturinn, með leiðsögn og stuðningi skólans. Margir nýta þetta tækifæri til að stofna eigin rekstur eða fara í læri hjá draumastarfsstaðnum sínum. Það árið þarf maður ekki að vera búsettur í Árósum en getur unnið sitt verkefni þar í heiminum sem maður kys. Og þá reynir meira en nokkurn tímann áður á, hvort maður hefur aflað sér þess sjálfstrausts og -aga sem til stóð, og getur staðið undir nafni sem lokaársnemi í „besta skólanum fyrir heiminn“.

Nám í Skotlandi

# Reikningshald Lærdómsins

Höfundur:  
Sunnefa Völundardóttir

Það koma stundir þegar ég hugsa með nokkrum óhug til þeirra skulda sem hafa hrannast upp í mínu nafni hjá LÍN eftir að ég tók þá ákvörðun að halda utan til framhaldsnáms. Um leið verður mér hugsað til námsins sem ég valdi og þess lærdóms sem ég aflaði mér á tæpum tólf mánuðum. Var það allra skuldanna virði? Er ein-hvern veginn hægt að yfirfæra útkomu þessa skólaárs yfir í krónur og aura, og ef svo er - kom ég út í plús? Nú eru liðin rúm tvö ár síðan ég var við nám við Edinborgarháskóla og ég á því gott með að líta til baka yfir dvölinu. Þótt ekki sé lengra liðið er strax farin að leggjast ævintýraslikja yfir minningarnar frá þessum tíma, hann virðist að vissu leyti fjarlægur og að einhverju leyti óraunverulegur. Er það kannski að hluta til vegna þess hve borgin er í eðli sínu ævintýraleg, með

kastalanum sem trónir í henni miðri og allar sínar sögur af draugum og upp-vakningum. En það sem situr eftir er þó raunverulegt; reynsla, þekking, uppgötvanir, upplifanir, og auðvitað síðast en ekki síst prófgráða frá góðum háskóla. Það er margt sem maður tekur heim með sér að loknu námi við erlendan háskóla. Sjóndeildarhringurinn víkkar og ný vinatengsl eru mynduð. Þekkingin sem þú aflar þér innan veggja kennslu-stofunnar er því oft aðeins hluti námsins, það sem gerist utan veggja hennar er ekki síður mikilvægt. Í mínu tilfelli fléttuðust þessir tveir heimar saman og styrktu hvorn annan. Lærdómur kennslu-stofunnar varð hvati að stöðugri samfélagsrýni og að sama skapi vörpuðu atburðir í þjóðlífnu nýju ljósi á fræðilegar kenningar. Námið sem ég stundaði kallast þjóðernis-



fræði (e. Nationalism studies). Það hefur iðulega vaðist fyrir mér að útskýra nákvæmlega út á hvað námið gengur enda fellur það ekki innan ramma „hefðbundinna“ skólafaga. Í náminu komu saman einstaklingar með ólíkan bakgrunn; stjórnmálafræðingar, mannfræðingar, félagsfræðingar, sagnfræðingar og landfræðingar. Viðfangsefnin voru þjóðir, þjóðarímyndir, þjóðerni, þjóðernis-hreyfingar og í raun öll sú hugmyndafræði sem liggur að baki hugtakinu þjóð. Væri því ef til vill betra að kalla námið þjóðafræði. Þótt viðfangsefnið virðist kannski afmarkað og sérhæft þá hefur það í raun afar breiða skírskotun. Nútímaskilningur á fyrirbærinu þjóð er fremur nýr í sögunni, mótaðist fyrst á seinni hluta 18. aldar, en hefur legið til grundvallar skilningi okkar á heiminum allar götur síðan.

Þjóðarímyndir skipa því ríkan þátt í hugmyndaheimi fólks í dag og skjóta oft upp kollinum í opinberri umræðu sem og víða á þjóðfélagsvettvangi. Í skólastofunni var rökrætt og spekúlerað á fræðilegum nótum. En utan stofunnar urðu líka fjöldamörg tilefni til hugleiðinga um hlutverk þjóða og þjóðernis í tengslum við atburði sem áttu sér stað allt í kringum okkur meðan á náminu stóð. Atburðir sem áður hefðu virst fjarlægir og oft óskiljanlegir öðluðust skyndilega skýrari merkingu. Í mars hófst byltingin í Sýrlandi sem vakti strax upp spurningar um þátt þjóðernishópa í uppreisninni og arabíska vorinu. Þetta ræddi ég fram og til baka við sýrlenska vinkonu mína á meðan við sátum yfir BBC á kvöldin og fylgdumst með atburðunum stigmagnast. Ekki var hægt að ímynda sér betri



Um mitt sumarið, þegar flestir nemendur sátu með nefið ofan í skólabókum önnur kafnir við skrif á lokaritgerðum, bárust fréttir af fjöldamorðum Breivíks. Vöktu þau óhug hjá öllum, þar á meðal norskum skólalabróður okkar, ekki síst þegar í ljós kom að þau byggðust á öfgafullum þjóðernishugmyndum og andstöðu við innflytjendur í Noregi. Fyrir mörgum voru þetta fyrstu brestirnir í annars sléttri og felldri ímynd skandinavísku þjóðanna sem hafa hingað til talist friðsælar, sameinaðar og víðsýnar í alþjóðasamfélaginu. Mikið var rætt um atburðina meðal erlendu stúdentanna og var ljóst að ódæðin í Útey voru enn ein birtingarmynd fordómafullrar hugmyndafræði sem flestir þekktu því miður einnig úr sínu heimalandi. Í ágúst fylltust svo breskir fjölmiðlar af fréttum af miklum óeirðum í úthverfum London. Uppbotin reyndust vera mest meðal ungmenna af erlendum uppruna og fóru því fljótlega af stað umræður um aðlögun innflytjenda og kynþáttafordóma í Bretlandi. Bretland hefur lengi verið talið standa framarlega sem fjölmennarlegt land en ýmsum þóttu óeirðirnar benda til þess að ekki hefði verið hugað nægilega að aðlögun ýmissa minnihlutahópa í samfélaginu. Öll þessi umræða leiddi hugann óhjákvæmilega að framtíð íslensks samfélags sem fjölmennarlegs samfélags og að því hvert sé stefnt í aðlögun innflytjenda á Íslandi. Það voru þó ekki einungis alvarlegu atburðirnir sem urðu uppspretta skoðanaskipta meðal okkar

kennslustund í framgangi byltingarinnar og flóknum tengslum þjóðernis-hópa, trúarhópa og byltingarhópa í átökunum. Stórsigur Skoska þjóðernisflokksins í þingkosningunum í maí var nærtækt dæmi um aukinn styrk þjóðernishreyfingarinnar og blés um leið nýju lífi í hugmyndir um sjálfstæði Skotlands. Á hverju götuhorni Edinborgar var skeggrætt um kosti og galla sjálfstæðisins en virtust þó flestir vera sammála um að Skotar væru sérstök þjóð með eigin sérkenni sem bæri að styrkja og halda á lofti. Eftir langt spjall við pípara frá Glasgow sem kom að gera við eldhúsvaskinn einn morguninn komst ég þó að því að innan Skotlands voru afar skiptar skoðanir um sjálfstæðismálið þar sem þjóðernið hefði fengið bæði tilfinningalegt og pólitískt gildi.

skólafélaganna. Mikill áhugi var fyrir Eurovisionkeppninni þetta árið og ekki síst þeim þjóðernishugmyndum sem oftast en ekki skipa þar stórt hlutverk. Varð keppnin hvati að fræðilegum fyrirlestri nokkurra nemendanna um þjóðernispólitík og ímyndir í Eurovision; hvaða lönd höfðu stutt hvort annað í gegnum söguna, hvernig milliríkja-pólitík og deilumál höfðu áhrif á þennan stuðning og hvaða þjóðlegir eiginleikar voru undirstrikaðir í atriðunum með búningum, textasmíð og vali á tungumáli. Loks var mikið rætt um staðalímyndir þjóðernishópa sem oftast en ekki leiddist út í umræður um okkur sjálf. Í hópi okkar var því búid að skilgreina kurteisa Þjóðverjann, uppstökka Tyrkjann, blóðheita Spánverjann, drykkjusama Skotann, glaðbeitta Amerikanann, og loks jafnréttissinnaða Íslendinginn (flestar virtust einkum tengja Ísland við tónlist og jafnréttisbaráttu). Það var mikilvægt að geta líka rætt málin á létu nótunum og velta fyrir sér spaugilegu hliðinni á algengum kreddum og klisjum í þjóðernisumræðunni. Það má því segja að veggir kennslustofunnar hafi teygst út í ólíklegustu áttir þetta árið. Þegar allt er tekið saman varð lærdómurinn fjölbreyttur og spennandi og mótaðist ekki síst af

umhverfinu og þeim einstaklingum sem ég eyddi þessu ári með. Því er prófgráðan sem eftir situr ekki ein og sér lýsandi fyrir lærdóm þessa árs sem fól í sér talsvert meira. Í framtíðinni mun ég því opna hvert umslag frá LÍN með bros á vör, minnug alls þess sem þessi tími færði mér. Svona reynsla verður auðvitað ekki í aurum talin. En ég er þó nokkuð viss um að í einhverjum skilningi kom ég út í plús.



# Spurningar Jónas Fr. Jónsson

Stjórnarformaður  
Lánasjóðs íslenskra  
námsmanna

**Um leið og við óskum þér til hamingju með starfið sem nýr stjórnarformaður LÍN, langar okkur gjarnan að forvitnast um þann tíma sem að þú varst sjálfur námsmaður erlendis. Getur þú sagt okkur aðeins frá því hvar þú stundaðir nám og hvernig þín upplifun var af því?**

Ég stundaði meistaranám í lögfræði við Cambridge háskóla í Bretlandi. Síðar stundaði ég einnig MBA nám í Vlercik Business School í Belgíu, en það var samhliða vinnu og því aðeins öðru vísi.

Tíminn í Bretlandi var skemmtilegur og lærdómsríkur – bæði faglega og félagslega. Faglega lærði maður ný vinnubrögð auk sérhæfingar og breikkunar á laganáminu. Mikil áhersla var lögð á

undirbúning og þátttöku í tímum – og þá var ekki nóg að geta vitnað í textabókina heldur var ætlast til þess að maður gæti rætt helstu fordæmi.

Félagslega þá kynntist maður fólki víðs vegar að úr heiminum, mismunandi siðum og viðhorfum. Þá lagaði maður sig að því að búa í öðru landi og kynntist menningu og siðum gestalandsins. Þessi félagslegi lærdómur nýttist mér vel þegar ég flutti til Belgíu, aðlagðist lífnu þar og starfaði (og lærði) með fólki af mörgu þjóðerni.

Búseta erlendis víkkar sjóndeildarhringinn, hjálpar manni að ná góðum tókum á öðrum tungumálum, sem eru lykillinn að viðkomandi samfélögum, og kennir manni að standa á eigin fótum, fjarri vinum og vandamönnum. Nám erlendis er holl og góð reynsla ef vel er á haldið.

**Var eitthvað sem kom þér á óvart þegar þú tókst við sem stjórnarformaður LÍN?**

Ekki margt. Ég var formaður Stúdentaráðs fyrir tæpum 25 árum og eðli máls samkvæmt þurfti maður að þekkja til starfsemi og reglna Lánasjóðsins. Meginatriðin voru svipuð eftir allan þennan tíma. Það voru helst tölur um hvað sjóðurinn er orðinn stór og hvað hann hefur vaxið mikið síðustu árin sem kom á óvart.

**Nýlega var birt skýrsla: Fjárhagslegar áhættur í rekstri LÍN. Telur þú að niðurstöður skýrslunnar séu áhyggjuefni fyrir LÍN?**

Þetta er erfíð spurning. Stuttu svarið við henni er já, a.m.k. miðað við núverandi efnahagsaðstæður. Skýrslan sýnir að heildarnámslán eru almennt að hækka



og væntar endurgreiðslur eru minnkandi hlutfall. Þannig er opinber stuðningur sem felst í lánasafninu að aukast, er 37% fyrir heildarlánasafnið en 47% miðað við lán ársins 2012. Miðað við þetta má búast við að þörf sé á síhækkandi framlagi frá ríkinu að öllu óbreyttu. Þetta er þróun sem ég held að gangi vart til lengdar – en það ræðst auðvitað endanlega af því hvað stjórnarmálmennt eru tilbúnir að setja mikið fjármagn í lánasjóðinn.

**Hvernig sérðu fyrir þér að LÍN þróist næstu árin?**

Í framhaldi af síðustu spurningu held ég að efnahagsaðstæður leyfi vart mikla aukningu á framlögum til LÍN. Hversu mikill opinberi stuðningurinn á að vera og í hvaða formi hann verður greiddur er atriði til að ræða og ef til vill er kominn tími til að endurskoða lögin um LÍN sem eru rúmlega 20 ára gömul.

# Cobb styrkur til University of Miami

Charles E. Cobb, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, er sannur Íslandsvinur sem sýnir áhuga sinn á samskiptum Íslands og Bandaríkjanna í verki. Eitt af því sem hann hefur gert til að styrkja samskipti landanna er að setja á stofn og fjármagna Cobb Family Fellowship, sem er styrkur til íslensks námsmanns til að hefja framhaldsnám við University of Miami. Styrkurinn hefur undanfarin ár verið 12.000 USD, en auk peningastyrksins getur styrkþeginn átt von á lækkun skólagjalda, sem er mikil eftir deildum og árum. Saman tekið getur Cobb styrkurinn því skipt sköpum fyrir námsmann sem hefur áhuga á námi í Bandaríkjunum. University of Miami er einkaháskóli með yfir 15.000 nemendum í fjölmörgum deildum. Hægt er að velja um

103 námsleiðir í mastersnámi. Rannsóknaraðstaða og kennsla er til fyrirmyndar, en félagslífð er jafnframt öflugt. Svo hefur Miami og nærumhverfi auðvitað upp á ótrúlega margt spennandi að bjóða, eins og Cocunut Grove, South Beach, Everglades þjóðgarðinn og öflugt listalíf. Fulbright stofnunin hefur umsjón með Cobb styrknum og fjölmargir Íslendingar hafa notið góðs af honum síðan hann var fyrst veittur árið 1995. Hægt er að sækja um styrk til að hefja nám í hvaða grein sem er á framhaldsstigi. Á undanförunum árum hafa styrkþegar sótt sér t.d. framhaldsmenntun í lögfræði, verkfræði og almannatengslum. Við spurðum nokkra fyrrverandi Cobb styrkþega út í dvöl þeirra og nám við Miami háskóla:



**Líney Arnórsdóttir  
Cobb styrkþegi 2007  
almannatengsl**

### **Af hverju valdir þú Miami háskóla?**

Miami varð fyrir valinu þar sem „communication“ deildin er ofarlega á listum vestanhafs. Ég vissi að námið yrði krefjandi og gefandi á sama tíma, og að ég fengi að vinna með leiðtogum á mínu áhugasviði. Það skemmdi ekki fyrir að umhverfið er mjög fallett.

### **Hvað kom þér mest á óvart varðandi námið?**

Það sem kom mér mest á óvart er hversu frábrugðið ameríska skóla-kerfið er því íslenska. BA námið mitt var ósambærilegt því sem tók við á Miami. Námið úti er hagnýtara og er til dæmis krafist þess að allir ljúki að minnsta kosti einni starfsþjálfun fyrir útskrift. Ég lauk þremur. Einnig er einkunnakerfið ekki eins krefjandi, og einblínt meira á að kenna fagmannleg vinnubrögð. Einnig var skólakerfið sjálft félagslegra, og mikið um að vera fyrir utan kennslutíma.

### **Hvað var skemmtilegast við að búa í Miami?**

Tvímælalaust veðrið. Umhverfið er bjart og litríkt. Það skemmir ekki fyrir að auðvelt er að hoppa til Karabíska hafsins og til aðra framandi áfangastaða.

### **Hvað er þér minnisstaðast eftir dvölinna vestanhafs?**

Ætli það sé ekki veitingastaðurinn sem var við hliðina á fyrstu íbúðinni minni. Hann var á vatninu og viðskiptavinir komu siglandi á bátunum sínum. Ég hafði aldrei komið til Miami áður en ég flutti þangað og ég fór beint á þennan veitingastað eftir að ég lenti í fyrsta skipti. Það var mjög gott veður þann dag, eins og alltaf, og er þessi minning einstök.

### **Hvað ertu að gera í dag?**

Ég er verkefnisstjóri ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu. Ég er teymisstjóri almannatengsla og held utan um fjölmiðlaferðir og umfjöllun. Þá vinn ég að Inspired by Iceland verkefninu og er þar að auki tengiliður við N. Ameríku markaðinn sem framkvæmdastjóri markaðs- verkefnisins Iceland Naturally. Markmiðið okkar að auka gjaldeyri fyrir landið og þá sérstaklega varðandi ferðaþjónustuna. Ég sé um að auka vinsældir Íslands – að skapa umfjöllun og að halda uppi jákvæðri ímynd um land og þjóð.



**Íris Björk Hreinsdóttir  
Cobb styrkþegi 2012  
lögfræði**

### **Af hverju valdir þú Miami háskóla?**

Ég kom fyrst til Miami í frí árið 2001 og aftur árið 2008. Borgin heillaði mig virkilega mikið og beinlínis togaði í mig. Í framhaldinu fór ég að skoða möguleika á framhaldsnámi í borginni. Ég kynnti mér skólana á svæðinu og komst fljótt að því að University of Miami væri sá skóli sem heillaði mig mest, m.a. vegna fjölbreyttra námsleiða, fjölbreytileika nemenda og kennara og þess að reynt er að sníða námið að hverjum og einum. Því til viðbótar þykir lagadeildin virkilega góð. Ég heyrði af Cobb styrknum og sótti um í framhaldinu. Ég var þeirrar gæfu aðnjótandi að hljóta styrkinn og þá var ekkert annað að gera en að pakka ofan í töskur og halda á vit ævintýrana með eiginmann minn og son.

### **Hvað kom þér mest á óvart varðandi námið?**

Það sem kom mér helst á óvart varðandi námið var hversu margt var í rauninni frábrugðið frá laganámi á Íslandi. Þegar kemur að bandarískum rétti þá byggist nánast allt á dómafordæmum og tæknin við að lesa út úr dómum er ekki alveg sú sama og hér. Einnig var mætingarskylda í

flesta tíma, sem er ólíkt því sem gerist á Íslandi. Þátttaka í tímum var einnig mjög mikil og kröfur til þess að taka þátt og gæði þátttöku skiptu miklu máli í einkunnagjöf. Það verður því að segja að það sé frábært og eflandi að hafa fengið tækifæri til þess að stunda nám í báðum kerfum.

### **Hvað var skemmtilegast við að búa í Miami?**

Miami er frábær og lifandi borg sem býður upp á endalaus möguleika. Frábært veðurfar gerði dvölin í Miami síðan ennþá skemmtilegri. Það var ljúft að upplifa það að geta farið á ströndina um miðjan vetur og stundað útihlaup allt árið. Það var einnig frábært að nýta frí til ferðalaga innan Bandaríkjanna og gaman að skoða hin ýmsu svæði Flórída. Flórída er svo miklu, miklu meira en bara Íslendinganýlendan Orlando!

### **Hvað er þér minnisstæðast eftir dvölinni vestanhafs?**

Það sem verður mér ávallt minnistæðast er allt það frábæra fólk sem við fjölskyldan kynntumst í Miami. Okkar upplifun af Miami og hinu ólíka fólki sem þar býr er hversu hlýjar móttökur við fengum, hversu fólk var opið og

auðvelt að spjalla og kynnast nýju fólki. Íslendingar mættu alveg opna sig aðeins og gefa náunganum gaum, það er einfaldlega hlýlegra að búa í slíku umhverfi. Mæli eindregið með því að þeir sem hyggjast stunda nám í öðru landi fari með opnum hug, kynnist fólki og taki þátt í því sem er að gerast á hverjum tíma. Við gerðum það og tókum þátt í öllum amerísku hefðunum og höfðum gaman af.

Það er mér líka sérstaklega minnistætt í fyrsta sinn sem ég fór út að hlaupa í kringum Campusinn að sjá skilti þar sem varað var við krókódílum, öll ferðalögin sem við fórum í þegar við áttum frí, þess að njóta jóladags í bikini á ströndinni og að fá að upplifa þakkagjöraðhátíðina með amerískri fjölskyldu.

### **Hvað ertu að gera í dag?**

Í dag starfa ég í lifandi, skemmtilegu og krefjandi starfi sem lögmaður hjá lögfræðiráðgjöf Arion banka, þar sem námið og dvölin í Miami komu að góðum notum frá fyrsta degi. Því til viðbótar legg ég mig fram við að njóta lífsins og líðandi stundar, það er eitt af því ótal marga sem ég tel að Miami hefi kennt mér til viðbótar við lögfræði.





Nína Margrét Rolfsdóttir  
Cobb styrkþegi 2012  
verkfræði

### Af hverju valdir þú Miami háskóla?

Skólinn býður upp á þá námsleið sem ég var að leita að. Að auki langaði mig að skipta alveg um umhverfi og prófa að búa á stað sem væri allt öðruvísi en ég hef vanist hingað til.

### Hvað kom þér mest á óvart varðandi námið?

Áherslurnar í kennslunni voru öðruvísi en hér heima. Þátttaka nemanda í tímum og umræður skipta meginmáli og meiri áhersla er lögð á að sinna náminu vel alla önnina m.a. með því að dreifa einkunnagjöf á verkefni og próf yfir allt misserið frekar en að dæma allan áfangann út frá einu lokaprófi.

### Hvað er skemmtilegast við að búa í Miami?

Að geta farið út alla daga í stuttubuxum og bol var stór plús.

### Hvað er þér minnisstæðast eftir dvölinna vestanhafs?

Þetta endalaus úrval og fjölbreytileiki af öllu saman sem hefur víkkað sjóndeildarhring manns til muna. Fólk frá öllum heimshornum, ótrúlega ferskt og fjölbreytt matarúrval og endalaust framboð af mismunandi afþreyingu.

### Hvað ertu að gera í dag?

Ég er nýútskrifuð úr Miami háskóla og er að skoða næstu skref.

Einn Cobb styrkur er veittur árlega, en umsóknarfrestur er í október og verður auglýstur nánar á vefsíðu Fulbright [www.fulbright.is](http://www.fulbright.is) og á FB síðu stofnunarinnar: Fulbright Commission Iceland.

Kynntu þér námsframboð Miami háskóla á [http://www.miami.edu/gs/index.php/graduate\\_school](http://www.miami.edu/gs/index.php/graduate_school).

Hvað er betra en að fjárfesta í framtíðinni með góðu og krefjandi námi, en nýta sér allt það sem Suður Flórída hefur upp á að bjóða í leiðinni?  
Nú er bara að láta drauminn rætast ...

Capacent Ráðningar

## ÞEGAR LÍÐUR AÐ NÁMSLOKUM



Capacent Ráðningar sérhæfa sig í störfum fyrir háskólamenntaða einstaklinga.

Capacent vinnur fyrir fjölda fyrirtækja í öllum greinum atvinnulífsins.

Með skráningu á [www.capacent.is](http://www.capacent.is) margfaldast möguleikar þínir á að finna óskastarf við hæfi. Capacent getur komið þér á framfæri í starf sem hentar með námi eða býður upp á vinnu með lokaverkefni.

Þú getur ekki verið viss um að vera á besta vinnustaðnum án þess að kanna alla möguleika. Leyfðu okkur að taka þátt í því að finna framtíðarstarfið þitt.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

CAPACENT  
BORGARTÚNI 27  
SÍMI 540 7100

capacent

# Spurningar

# Hólmfríður

# Anna

Námsmaður í París

**Varðir þú löngum tíma í að undirbúa þig áður en þú fórst í nám erlendis, hvað löngum tíma áður en sjálfst námið hófst? Hvernig var undirbúningnum háttað?**

Umsóknarfresturinn í skólann minn rann út í maí og ég fékk að vita að ég hefði komist inn í lok júní. Ég hafði því einungis tvo mánuði til að hætta í vinnunni, segja upp leikskólum, flytja, finna leigjendur, skrá mig í kúrsa, taka tvo hagfræðikúrsa á netinu (sem var skylda áður en fólk byrjaði), kaupa flugfar, kveðja alla og finna íbúð í París. Það síðastnefnda var mesti hausverkurinn en ég var heppin og fann íbúð á besta stað í Montmartre. Þetta var algjör rússíbani en reddaðist allt einhvern veginn.

**Segðu okkur frá náminu þínu og skólanum?**

Ég er í alþjóðaöryggisfræði með áherslu á mannréttindi og Miðausturlönd í Sciences Po í París. Skólinn hefur lengi þótt mjög fín og verið á ákveðnum stelli í Frakklandi. Leiðin í pólitíkina í Frakklandi liggur oftast en ekki í gegnum Sciences Po, enda hafa flestir frönsku forsetarnir gengið í þennan skóla þó svo Sarkozy ku hafa verið gerður brottrækur eftir fall í ensku. Hér er líka mikið talað um að ástir hinna og þessara pólitíkusa hafi kviknað á bókasafninu í Sciences Po.

En það voru ekki ástarævintýri á bókasöfnum sem heilluðu mig, heldur hið fjölbreytta framboð af kúrsum og námsleiðum sem skólinn býður upp á. Það

er lögð rík áhersla á að fá kennara sem hafa mikla reynslu og geta miðlað af henni til nemenda sinna. Sem dæmi lærði ég alþjóðastjórnsmál hjá helsta ráðgjafa Kofi Annan í alþjóðamálum, ég tók kúrs um friðarumleitanir í borgarastriðum hjá manni sem hefur komið að friðarferli víða á vegum Sameinuðu þjóðanna og var í fremstu línu við að semja við talibana í Afganistan, ég lærði um utanríkisstefnur hjá fyrrum sendiherra Frakklands í Bandaríkjunum og helsta ráðgjafa nokkurra frakklandsforseta í alþjóðamálum, tók leiðtogakúrs hjá manni sem barðist í Víetnam-stríðinu, og svo mætti áfram telja. Það getur verið gaman að sitja í skólanum og fræðast um einhverja leynifundi sem haldnir voru milli Sarkozy og Merkel og ástæðuna fyrir því

afhverju þau urðu svona miklir vinir þrátt fyrir gjörólíkan persónuleika. Eða hvað Pútín og hans menn sögðu nákvæmlega þegar Sarkozy vildi koma í veg fyrir átökin í Georgíu árið 2008. Auk þess eru margir kúrsar með praktískar áherslur og sem dæmi er ég þessa önnina að taka áfanga þar sem við fáum að vinna að barnaréttarverkefnum fyrir UNICEF í Búrúndí. Svo fær Sciences Po oft þekkt fólk úr alþjóðasamfélaginu til að halda opna fyrirlestura og þannig hef ég fengið tækifæri til að hlusta á Valerie Amos (yfirkonu OCHA), Louise Arbour (fyrrum High Commissioner for Human Rights og nú yfirkona Crisis Group), Laurent Fabius (utanríkisráðherra Frakklands), og fleiri.



### Hvað kom til að þú valdir Frakkland og þennan skóla?

Ég vildi prófa að búa í París og halda áfram að læra frönsku. Eins er Frakkland mjög barnvænt land og það skipti mig miklu máli. Hér er skólakerfið ókeypis frá 3 ára aldri, leikskólarnir (í okkar tilviki Creche og Ecole Maternelle) eru mjög metnaðarfullir og starfsfólkið sprenglært, leikvellir allstaðar, o.s.frv.

### Ertu ánægð með námið?

Ég er mjög ánægð með námið sjálft en umsýslan í kringum skólann er mjög flókin og erfð. Fyrsta árið í mastersnáminu er 200 prósent vinna og af því hraðinn er svo mikill og álagið svo gríðarlegt þá gat ég ekki einbeitt mér að einhverju sem ég vildi kannski læra betur eða mér fannst sérstaklega áhugavert. Ég hef verið á vinnumarkaði og kann að vinna undir álagi svo að það er ekki eitthvað sem ég tel mig sérstaklega þurfa að læra þó ég skilji það að skólinn vilji berja það í unga og óreynda nemendurna.

### Eitthvað sem kom þér á óvart?

Álagið í skólanum er miklu meira en ég bjóst við. Á móti kemur að Frakkarnir eru miklu kurteisari en ég bjóst við.

### Einhverjar vefsíður eða Öpp sem þú mælir með, sem hafa nýst þér vel í náminu eða að koma þér fyrir í nýju landi?

Íslenska sendiráðið í París er með góðar upplýsingar og hjálplega tengla - <http://www.iceland.is/iceland-abroad/fr/islenska>.

Ég fékk styrk hjá franska sendiráðinu á Íslandi og vefsíðan þeirra er nokkuð góð - <http://www.ambafrance-is.org>.

Hópurinn "Íslendingar í París" á Facebook er mjög virkur og heimasíða Kristínar Jónsdóttur, [www.parisardaman.free.fr](http://www.parisardaman.free.fr) er gagnleg.

### Eitthvað að lokum?

Ég tel það holt öllum, sérstaklega þeim sem búa á afskekkttri eyju lengst norður í hafn, að búa í útlöndum í lengri eða skemmri tíma. Þannig að ... Allir að drífa sig til útlanda!!

# Samkeppni um nafn á nýjum vef

-100.000 kr. gjafabréf frá Icelandair í verðlaun

Rannís og SINE eru að undirbúa nýjan upplýsingavef um nám erlendis sem taka mun við af bæði upplýsingavef SINE og vef Rannís [www.upplysingastofa.is](http://www.upplysingastofa.is). Lögð verður áhersla á að vefurinn verði nútímalegur í útliti, með myndböndum stúdenta, stuttum og hnitmiðuðum upplýsingum bæði almennt um nám erlendis og nám í hverju landi fyrir sig og krækjum á samskiptamiðla eins og Facebook, Twitter og Instagram.

Nú er að hefjast leit að nafni á nýja vefinn og eru félagar í SINE hvattir til að senda inn tillögur. Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar um val á nafni:

- það á að vera stutt og hnitmiðað
- á íslensku en helst skiljanlegt þótt ekki séu ritaðir íslenskir bókstafir í vefslóðinni
- heitið á að vísa beint í innihaldið
- það má gjarnan hvetja fólk til þess að fara á stefnumót við heiminn eða að grípa hann.

Skriflegum tillögum skal skila á netfangið: [upplysingastofa@rannis.is](mailto:upplysingastofa@rannis.is) fyrir 31.3.2014.

Verðlaun fyrir nafnið sem notað verður er gjafabréf frá Icelandair að upphæð 100.000 kr. Sendi fleiri en einn inn sömu góðu hugmyndina verður hinn heppni dreginn úr bunkanum.

# Ertu á leið í nám erlendis?

## Samband Íslenskra Námsmanna Erlendis

Samband íslenskra námsmanna erlendis - SÍNE - var stofnað árið 1961 og hefur tilgangur þess ætíð verið að gæta hagsmuna félagsmanna sinna og vera tengiliður þeirra við þau stjórnvöld sem koma að kjörum SÍNE félaga hér á landi. Á síðustu árum hefur þjónustan við tilvonandi félagsmenn, þ.e. námsmenn á leið út, vaxið mjög mikið.

Aðild að félaginu er frjálst, en reynslan hefur sýnt að langflestir námsmenn sjá sér hag í að nýta þjónustu SÍNE. Félagsgjöld eru 3900 kr. fyrir námsárið, og eru dregin af fyrstu útborgun framfærslulána. Námsmenn sem ekki eru á námslánnum verða að skrá sig sérstaklega á skrifstofu SÍNE.

Skrifstofa SÍNE er staðsett í Pósthússtræti 3-5 (í Hinu húsinu), 2.hæð, og er opin alla virka daga frá 9-12. Síminn er 552-5315 og netfangið sine@sine.is.

## Samband íslenskra námsmanna erlendis

Pósthússtræti 3-5  
101 Reykjavík  
sími: 552-5315  
sine@sinE.is  
www.sine.is

## Starfsemin

Á heimasíðu SÍN E, [www.sine.is](http://www.sine.is), er að finna:

- Tékklista með helstu atriðum sem huga þarf að áður en nám hefst á erlendri grundu.
- Upplýsingar um heimasíður Íslendingafélaga um allan heim.
- Fréttabréfið Sæmi (NetSæmi), gefið út ca. annan hvern mánuð.
- Upplýsingar um trúnaðarmenn SÍNE.
- Handbókina Nám erlendis, þar er að finna hagnýtar upplýsingar um undirbúning fyrir námsdvöl í útlöndum.
- Leigumiðlun/Leigumarkað þar sem fólki gefst kostur á að auglýsa húsnæði sitt til leigu eða óska eftir leiguhúsnæði, hérlendis sem erlendis. Þjónustan er öllum aðgengileg og án endurgjalds.
- Auglýsingar um styrki sem í boði eru á hverjum tíma.
- Hagnýtar upplýsingar um tryggingar, skatta- og atvinnumál námsmanna erlendis.
- Ýmsar tilkynningar og tengingar við aðrar mikilvægar síður sem koma námsmönnum til góða.

## Skrifstofan


- Er staðsett á Pósthússtræti 3-5 (Hitt Húsið) og er opin alla virka daga frá 9-12.
- Hjá SÍNE starfar einn starfsmaður.
- Í stjórn SÍNE sitja sjö fyrrverandi SÍNE félagar.
- Síminn er 552-5315 og Netfangið er sine@sine.is

## Útgáfa og fundir:

- SÍNE gefur út fréttablaðið Sæmund ca. tvisvar á hverju námsári.
- Í Sæmundi er birtar upplýsandi og fræðandi greinar fyrir félagsmenn jafnt tilkynningar og almennar fréttir af starfseminni.
- Auk þess er að finna í blaðinu reynslusögur og ýmislegt skemmtiefni.
- Þá er gefinn út netsnepillinn Sæmi sem inniheldur áriðandi tilkynningar til félagsmanna.
- Ráðstefnur og fundir eru haldnir reglulega og eru þeir auglýstir í blöðum, vefritum og á heimasíðu félagssins.

# Styrktaraðilar

Aðalsteinn Sigfússon Akra guesthouse Alark arkitektar ehf  
Alþýðusamband Íslands Antikbúðin Árni Reynisson ehf  
Bílamálun Suðurlands DMM Lausnir Faxaflóahafnir  
Flúðir stangveiðifélag Pökkun og flutningar Síldarvinnslan





## > Ertu að flytja yfir hafið?

Alhliða þjónusta vegna búslóðaflutninga

Á vef Samskípa [www.samskip.is](http://www.samskip.is) má finna gagnlegar upplýsingar um búslóðaflutninga til og frá Íslandi.

**Gott er að byrja á að:**

- > Gera sér grein fyrir umfangi búslóðar – þarftu 20 feta gám, heilan 40 feta gám eða nokkur bretti?
- > Kynna sér hvaða lög gilda um tollafgreiðslu í landinu sem flutt er til
- > Fá skriflegt verðtilboð og aðrar upplýsingar
- > Ganga frá nauðsynlegum pappírur
- > Tryggja búslóðina
- > Bóka flutning

Þjónustulipurt starfsfólk Samskípa og umboðsmenn um allan heim gera sitt besta svo flutningurinn verði sem þægilegastur.